

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Arinbjörn Vilhjálmsdóttir  
Garðatorgi 7  
210 Garðabær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júní 2012  
Tilvísun: UST20120500157/bs

## Kauptún 6, eldsneytisáfyllingardæla á lóð - tillaga að breytingu á deiliskipulagi. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Fyrirhugað er að staðsetja umrædda eldsneytisdælu í næsta nágrenni svæðis nr 116 á náttúrumínjaskrá **Urriða(kots)vatn**. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera eftirfarandi *Hraunjaðar, myrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífriki í péttbylli.*

Kröfur til mengunarvarna við geymslu á olíu eru mismunandi eftir staðsetningu olíugeymanna Samkvæmt 6. grein reglugerðar nr. 35/1994 er staðsetning olíugeyma flokkuð í 3 flokka.

### 1. flokkur

- I.a. Aðrennslissvæði vatnsbóla sem nýtt eru eða fyrirsjáanlegt er að nýtt verði Vatnsverndarsvæði samkvæmt staðfestum skipulagsupprætti
- I.b. Vatna- og strandsvæði í flokki I í mengunarvarnareglugerð nr 396/1992, sem ekki falla undir flokk Ia. Viðkvæmt svæði, sem er á náttúrumínjaskrá vegna gróðurs eða dýralífs þar sem búast má við samanlöögðu grunnvatnsstreymi meira en 0.01 l/s lengdarmetra niður á 50 m dýpi frá yfirborði.

Varðandi mengunarvarnir við fyrirhugaða stöð Olíufélags Íslands við Kauptún 6 Garðabæ vísast til athugasemda Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) til félagsins frá 15. júní sl. HHK er lögbært fyrirvald er snýr að veitingu starfsleyfa til bensínstöðva og neyslugeyma í Garðabæ og sér um mengunarvarnaeftirlit með þeim fyrirtækjum Heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun um í hvaða flokk tiltekin staðsetning olíumannvirkja flokkast sé ágreiningur um það

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

Björn Stefánsson